

HREINDÝR

Hreindýr eru spendýr, og flokkast sem klaufdýr og jörturdýr. Þau halda sig í hjörðum og oft sjást stórir hópar hreindýra saman.

Hreindýr eru jurtaætur. Snoppa hreindýra er mjög loðin og klaufir þeirra eru stórar, en báðir eiginleikar koma að góðum notum þegar hreindýrin þurfa að krefsa eftir fæðu í snjó.

Hreindýr voru flutt af mönnum inn til Íslands frá Noregi á árunum 1771–1784. Fyrst voru þau flutt til margra landshluta en nú er þau eingöngu að finna á Austurlandi. Helsta fæða þeirra eru fléttur, skófir, grös og starir. Þau eru með mjög þykkann og skjólgóðan feld og sums staðar eru hárin hol að innan sem einangrar vel og gerir dýrin sérstaklega vel aðlöguð að lífi á heimskautasvæðum.

